


Kirkjubæjarskóli á Síðu

Starfsáætlun 2021- 2022

Kirkjubæjarskóli á Síðu



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Almennar upplýsingar	3
Símar skólans og tengdra stofnana	3
Skipurit Kirkjubæjarskóla.....	4
Starfsfólk.....	4
Nemendur skólaárið 2021-2022.....	7
Skólaakstur Kirkjubæjarskóla.....	8
Skóladagatal.....	9
Kennsluáætlanir.....	10
Viðfangsefni innra mats.....	10
Starfsáætlun 2021-2022.....	10
Val nemenda 5.-10.bekk.....	10
Hin ýmsu ráð og nefndir.....	12
Fræðslunefnd	12
Skólaráð.....	12
Nemendaverndarráð.....	13
Foreldrafélag.....	13
Tómstundastarf og félagslíf.....	14
Skólareglur.....	15
Samskipti skóla og heimila	15
Stoðþjónusta og sérkennsla	16
Náms- og stafráðgjöf.....	17
Símenntun.....	17
Heilsueflandi grunnskóli.....	17
Rýmingaráætlun	19
Viðbrögð við vá.....	20
Mötuneyti.....	20
Opnunartími	20
Viðvera sérfræðinga	21
Forföll og leyfi.....	21

Inngangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá skal hver grunnskóli gefa út starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar sem skal unnin í samráði við kennara skólans og annað starfsfólk sem þannig skuldbinda sig til að framfylgja áætluninni.

Starfsáætlunin er árlega lögð fyrir fræðslunefnd sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða, fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og gerir fræðslunefnd grein fyrir með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun skal vera aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins.

Kirkjubæjarskóli á Síðu heildstæður grunnskóli með 41 nemenda frá 1. bekk upp í 10. bekk. Starfsmenn eru alls 16

Einkunnarorð

Einkunnarorð skólans eru leiðarljós í allri starfsemi hans og við leitumst öll við að vinna í þeirra anda.

Kærleikur

Áhersla á að kennarar, nemendur og starfsmenn skólans komi vel fram hvert við annað og að framkoma þeirra einkennist af kærleika, vinsemd og virðingu. Allir sem koma að skólanum á einn eða annan hátt sýni með framkomu sinni og orðum að þeim þyki vænt um skólann og þá sem starfa innan hans.

Bjartsýni

Áhersla á bjartsýni og jákvæðni þar sem samferðamenn leitast við að hvetja hvert annað til dáða og hugsa alltaf allir geta eitthvað enginn getur allt. Metnaður okkar felst í því að mæta nýjum kröfum og standast þær væntingar sem gerðar eru til okkar sem leiða framsækið skólastarf.

Samvinna

Áhersla er á samvinnu og samstarf milli nemenda, kennara og starfsfólks skólans. Nemendur fái tækifæri á að vinna með skólafélögum sínum í viðleitni þeirra við að leita sér þekkingar og efla færni sína á ýmsum sviðum. Einnig leggur skólinn áherslu á að viðhafa virkt samstarf við foreldra nemenda skólans og allt grenndarsamfélagið með það í huga að efla og bæta skólastarfið. Þeir sem standa að Kirkjubæjarskóla koma ávallt fram fyrir hönd skólans sem samstilltur og þéttur hópur sem ber hag skólans fyrir brjósti.


Almennar upplýsingar

Kirkjubæjarskóli á Síðu
Klausturvegi 4
880 Kirkjubæjarklaustur
www.kbs.is
skolastjori@klaustur.is

Símar skólans og tengdra stofnana

Skrifstofa:	487 4633
Farsími skólastjóra	865 7440
Kaffistofa starfsmanna	487 4632
Vinnuherbergi kennara	487 4833
Skólamötuneyti	487 4626
Íþróttamiðstöð	487 4656
Skafthárhreppur	487 4840

Skipurit Kirkjubæjarskóla



Starfsfólk

Anna Belch	skólaliði, frístund	annab@klaustur.is
Faney Ólöf Lárusdóttir	almenn hreyfing stundakennsla	Faneyolofgmail.com
Guðríður S. Jónsdóttir	skólaliði	gudridur@klaustur.is
Inga Lóa Hannesdóttir	umsjónark. 7. b.	ingaloo@klaustur.is
Jóel M. Fernandez	afleysingar	joel@klaustur.is
Karítas Heiðbrá Harðardóttir	umsjónk. 4.-5. b.	karitas@klaustur.is
Katarzyna Korolczuk	íþróttir, sund	kasia@klaustur.is
Katrín Gunnardóttir	skólastjóri, umsjónark 8.-10. b	skolastjori@klaustur.is
Konný Sif Gottsveinsdóttir	skólaritari, stuðningsfulltr. frístund	skolaritari@klaustur.is
Ólafía Inga Ástvaldsdóttir		olafia2511@gmail.com
Rúnar Þ. Guðnason	smíðar, leyfi til 31. okt	runarth@klaustur.is
Sólveig Ólafsdóttir	kennari	solveig@klaustur.is
Sæunn Káradóttir	stuðningfulltr. frístund, leyfi til 1. des	saeunn@klaustur.is
Teresa Zuchowicz	tónmennt	teresa@klaustur.is
Unnur Blandon	stuðningsfulltr.	unnur@klaustur.is
Þórgunnur M. Guðgeirsdóttir	Umsjónark. 1. – 3. bekk	thorgunnur@klaustur.is
Skólabílstjórar		
Agnar Davíðsson		861 8178
Guðni Bergsson		868 9124
Páll Símon Oddsteinsson		892 0992

Verksvið starfsfólks

Hlutverk skólastjóra

Skv. lögum um grunnskóla (nr.91/2018) er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veiti faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. „Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra“.

Hlutverk kennara

„Kennarar leiðbeina börnum og ungmennum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Hlutverk umsjónarkennara

Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008) er fjallað um hlutverk umsjónarkennara. Þar segir: “Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.“

Hlutverk stuðningsfulltrúa

Stuðningsfulltrúi er kennara til stuðnings við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Stuðningsfulltrúi lýtur faglegri stjórn umsjónarkennara. Hann sinnir ekki afleysingarstörfum fyrir kennara.

Hlutverk skólaliða

Skólaliði tekur þátt í uppeldisstarfi og öðrum störfum sem fram fara innan skólans. Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir sjá um dagleg þrif á skólahúsnæðinum og að halda húsnæði og skólalóð hreinni. Skólaliði lýtur ýmist daglegri verkstjórn skólastjóra eða húsvarðar. Þeir sjá um gæslu í frímínútum og baðvörslu.

Hlutverk ritara

Ritari veitir skrifstofu skólans forstöðu og veitir starfsfólki, nemendum, foreldrum og skrifstofuþjónustu. Ritari hefur umsjón með nemenda- og starfsmannaskrá og hefur umsjón með skrifstofuvörum skólans, sinnir símsvörun og ljósritun o.fl.

Hlutverk skólabílastjóra

Skólabílastjórar sjá um akstur nemenda til og frá skóla. Þeir eru verktakar og starfa eftir ákveðnum starfsreglum sem sveitarstjórn hefur sett þeim og kemur fram í ráðningarsamningum skólabílastjóra Kirkjubæjarskóla.

Nemendur skólaárið 2020 – 2021

Bekkur	Stelpur	Strákar	Heild
1.	2	2	4
2.	2	3	5
3.	1	3	4
4.	1	5	6
5.	0	4	4
6.	0	0	0
7.	3	3	6
8.	2	2	4
9.	0	1	1
10.	3	4	7
	14	27	41

Skólaakstur Kirkjubæjarskóla**Meðalland og Landbrot****Agnar Davíðsson 861 8178**

Efri – Ey II	7:36
Lyngar	7:41
Langholt	7:45
Syðri Fljótar	7:55
Syðri Steinsmýri	8:00
Arnardrangur	8:06
Fossar	8:08
Eystra Hraun	8:13
Þykkvibær	8:16
Hraunkot	8:22
Kindagata	8:26
Hátún	8:28

Fljótshverfi og Síða**Skólabílstjóri Guðni Bergsson 868 9124**

Kálfafell 1b	7:40
Maríubakki	7:50
Múlakot	8:05
Keldunúpur	8:10
Mörtunga	8:15

Skaftártunga og Álftaver**Skólabílstjóri Páll Símon Oddsteinsson 892 0992**

Herjólfssstaðir	7:58
Norðurhjáleiga	7:52

Heimferð

Mánudaga – þriðjudaga – fimmtudaga	15:20
miðvikudaga	14.40
Föstudaga	13:45

Ef breyting er á þessum tímasetningum þá er leitast við að tilkynna það með góðum fyrirvara.

Skóladagatal

Skóladagar nemenda Kirkjubæjarskóla eru 180. Skóladagtal má sjá [hér](#).

Kennslustunda fjöldi á viku

1. – 3. bekkur	30 kennslustundir
4. bekkur	32 kennslustundir
5. bekkur	35 kennslustundir
7. – 10. bekkur	37 kennslustundir

Helstu dagsetningar

16. ágúst	Starfsmenn mæta til starfa
23. ágúst	Skólasetning
22. september	Hautferðalag
24. september	Hautþing (starfsdagur)
29. september	Foreldraviðtöl
11.-14. október	Danskennsla
25.–29. október	Þemadagar
29. október	Afmæli skólans
1.–2. nóvember	Hautfrí
3. nóvember	Starfsdagur
17. desember	Litlu jólin
3. janúar	Starfsdagur
4. janúar	Nemendur mæta eftir jólafrí
18. janúar	Foreldraviðtöl/ Haustönn lýkur
19. janúar	Vorönn hefst
9. febrúar	Skólalæping
24.–25. febrúar	Vetrarfrí
8.–10. mars	Könnunarpróf í 9. bekk
21.–25. mars	Reykir 7. bekk
7. apríl	Árshátíð
8. apríl	Starfsdagur
9. apríl	Páskaleyfi hefst
19. apríl	Nemendur mæta eftir páskafrí
21. apríl	Sumardagurinn fyrsti
4. maí	Starfsdagur
1. júní	Útivistardagur
2. júní	Vorhátíð
3. júní	Skólaslit

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru vistaðar inn á Infomentor og eru þar aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn

Viðfangsefni innra mats

Ein könnun er lögð fyrir á ári, á vegum Skólapúlsins. Ein fyrir nemendur (6. – 10. bekkur (vor), ein fyrir foreldra (febrúar) og ein fyrir starfsmenn (vor) Næsta könnun verður lögð fyrir nemendur 6.-10. b að vori 2022. Samantekt niðurstaðna eru birtar á heimasíðu skólans. Kerfið birtir þó engar niðurstöður nema að tilskildu 80% svarhlutfalli úrtaksins hafi verið náð, annað getur gefið skakka mynd af nemendahópnum.

Skóladagatal 2021-2022

Skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022 er að finna á heimasíðu skólans sjá [hér](#)

Val nemenda 5. – 10. bekk

Kirkjubæjarskóli leitast við að bjóða nemendum í 5. – 10. bekk upp á sem fjölbreyttast val. Það fer þó alltaf eftir fjölda nemenda í 5. – 10. bekk. Valið fer fram a þriðjudögum kl. 13.45-15.20 (5.-10.b) og á fimmtudögum kl. 13.45-15.20 (8.-10.b) skiptist í 2 spanir á hvorri önn.

Val skólaárið 2021 - 2022

Skólahreysti

Markmiðið er að hvetja börn til að taka þátt í alhliða upplifun sem byggð er á forsendum almennrar íþróttakennslu þar sem nemendur vinna að mestu leyti með eigin líkama í þrautum. Námsmat gefið sem lokið/ólokið.

Ull er gull – textílmennt

Nemendur vinna verkefni sem tengjast ull og sjálfstæði í vinnu s.s. að vinna sjálfstætt eftir verklýsingu. Námsmat er gefið sem lokið/ólokið.

Borðtennis

Nemendur kynnast Íþróttinni og læra m.a að beita þeirri tækni sem nauðsynleg er til að ná tökum á henni. Þættir sem metnir eru: jákvæðni, vilji til að læra og samskiptafærni. Námsmat er gefið sem lokið/ólokið.

Leikir

Leikurinn er ráðandi þáttur í íþróttakennslu, og er leið til að efla áhuga nemendans á mikilvægi hreyfingar. Ýmsir hreyfileikir þjálfaðir, meðal annars hraði, þrek, hreyfigeta, og lipurð. Námsmat er gefið sem lokið/ólokið.

Heimilisfræði

Kennslan er að mestu verkleg þar sem nemendur vinna saman í 2-3 manna hópum. Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga og vilja til að auka við fægni í matreiðslu og bakstri. Lögð er áhersla á mikilvægi heilbrigðis, réttrar næringar og hreinlætis. Námsmat er gefið sem lokið/ólokið.

Hin ýmsu ráð og nefndir

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórnir kunna að fela henni, hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. (Lög um grunnskóla 91/2008).

Þorsteinn M. Kristinsson	Formaður
Jón Hrafn Karlsson	
Anna M. Buda	
Arndís Harðardóttir	
Fanney Ásgeirsdóttir	
Áheyrnarfulltrúar:	
Katrín Gunnarsdóttir	skólastjóri
Karítas Heiðbrá Harðardóttir	fulltrúi kennara
Auður Guðbjörnsdóttir	fulltrúi foreldra

Fræðslunefnd fundar a.m.k. 4 sinnum á ári. Fundargerðir fræðslunefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Skaftárhrepps.

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. „Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar“.(Lög um grunnskóla 91/2008)



Katrín Gunnardóttir	skólastjóri
Rúnar Þ. Guðnason	fulltrúi kennara
Auður Guðbjörnsdóttir	fulltrúi foreldra
Margrét Ragnarsdóttir Blandon	fulltrúi nemenda
Sæunn Káradóttir (í leyfi)	fulltrúi starfsmanna

Skv. lögum um grunnskóla skal skólaráð skipað 9 fulltrúum. Hins vegar geta fámennari skólar sótt um undanþágu m.a. varðandi fjölda í ráðinu.

Afmælisnefnd

Á starfsmannafundi KBS þann 16.08. 2021 voru eftirtaldir skipaðir í afmælisnefnd skólans:

Karítas Heiðbrá Harðardóttir	fulltrúi kennara
Pórgunnur María Guðgeirsdóttir	fulltrúi kennara
Konný Sig Gottsveinsdóttir	fulltrúi starfsmanna
Hrafninn Jónsdóttir	fulltrúi nemenda

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs skv. reglugerð 584/2010 um reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlaða um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs. Skólaárið 2021-2022 hefur staða náms-og starfsráðgjafa ekki verið mönnuð.

Auðbjörg Bjarnadóttir	hjúkrunarforstjóri
Inga Lóa Hannesdóttir	fulltrúi kennara/stuðningskennsla
Katrín Gunnardóttir	skólastjóri
Pórunn J. Hauksdóttir	forstöðumaður Skólapijónustu

Trúnaðarmaður kennara

Sólveig Ólafsdóttir
Varamaður :

Foreldrafélag

Hlutverk foreldrafélags er skv. lögum um grunnskóla að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Félagið skal setja sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og fulltrúa í skólaráð.

Auður Guðbjörnsdóttir	formaður
Erla Þ.Ólafsdóttir	ritari
Bjarki V. Guðnason	meðstjórnandi

Bekkjarfulltrúar:

Fyrir 1. -2. bekk:	Auður Guðbjörnsdóttir
Fyrir 3. - 4. bekk :	Auðbjörg B. Bjarnadóttir
Fyrir 5. - 7. bekk:	Auðbjörg B. Bjarnadóttir
Fyrir 8. - 10. bekk:	Linda Ösp Gunnarsdóttir

Tómstundastarf og félagslíf.

Við Kirkjubæjarskóla starfar skólafélagið Askur. Stjórn skólafélagsins fyrir skólaárið 2021- 2022 skipa:

Margrét Ragnarsdóttir Blandom , form.
Júlía Linda Jónsdóttir gjaldkeri
Hrafntinna Jónsdóttir, ritari.

Stjórn heldur utan um viðburði vetrarins og dreifir verkefnum á nemendur 7.- 10.bekkar. Ný stjórn mun leggja tillögur fyrir nemendur um vekreglur fyrir skólafélagið í upphafi nýs árs. Starfsáætlun skólafélagsins er unnin í upphafi hvers skólaárs og birt á heimasíðu skólans. En meðal helstu verkefna eru m.a.

Spilakvöld.

Föndur- og laufabrauðsdagur.

Árshátíð.

Öskudagsball

Nánari upplýsingar um einstaka viðburði er að finna á www.kbs.is

Skólareglur

Skólareglur Kirkjubæjarskóla felast fyrst og fremst í almennum umgengnisreglum. Nemendum ber að hlíta fyrir mælum starfsfólks í öllu starfi á vegum skólans. Samskipti nemenda og starfsfólks skólans þurfa að einkennast af þrúðmennsku, kurteisi og gagnkvæmri virðingu. Skólinn leggur áherslu á að skapa hlýlegt umhverfi og því mikilvægt að nemendur og starfsmenn skólans gangi vel um skólann. Hlýlegt umhverfi er einn þeirra þátta sem hafa jákvæð áhrif á líðan nemenda.

- Allir mæti stundvíslega.
- Allir virði vinnufrið og gæti þess að trufla ekki aðra.
- Allir sinni námi sínu og öðrum störfum af kostgæfni.
- Allir sýni kurteisi og tillitsemi í samskiptum.
- Allir hafi ávallt nauðsynleg gögn tiltæk.
- Allir fari vel með eigur sínar og annarra.
- Allir fari úr yfirhöfnum, húfum og útiskóm í fatahengi.
- Allir gæti hófs í gönguhraða innanhúss.
- Hver nemandi ber ábyrgð á þeim verðmætum sem hann kemur með í skólann.
- Hver nemandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hann kann að valda á eigum annarra nemenda, starfsfólks eða skólans.

Óheimilt er:

- Að hafa sælgæti um hönd að öllu jöfnu.
- Að nota farsíma á skólatíma*
- Að hjóla á skólalóðinni á skólatíma.
- Að vera með hluti í skólanum sem valdið geta truflun, skaða eða skemmdum.
-

*Farsímanotkun er ekki leyfð á skólatíma. Nemendur geta afhendt síma sína að morgni og verða þeir geymdir í læstri hirslu til loka skóladags. Verði um misnotkun að ræða eiga nemendur það á hættu að tækin verði tekin í vörslu umsjónarkennara uns forráðamenn koma að sækja þau.

Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er algjörlega bönnuð í öllu starfi á vegum skólans.

Kennurum er heimilt að setja sérstakar reglur sem gilda í kennslustofum og á vinnusvæðum nemenda og í ferðum á vegum skólans.

Sjá nánar reglugerð nr. 1041/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Samskipti skóla og heimila

Kirkjubæjarskóla leitast eftir fremsta megni að eiga góð og innihaldsrík samskipti við heimili nemenda. Góð samskipti heimilis og skóla er ein af grunnforsemdum þess að nám nemenda verði sem heilladrýgst fyrir hann. Við þurfum að vera tilbúin til að eiga hreinskiptin samskipti sem hafa það eitt markmið að efla og styrkja skólann og nám nemenda.

Tvisvar á ári eru foreldraviðtalsdagar þar sem foreldri kemur ásamt nemanda og viðfangsefnið þar er námsframvinda nemandans, líðan í skóla o.s.frv.

Allir kennarar skólans eru með fasta viðtalstíma einu sinni í viku og eru frekari upplýsingar um þá að finna á heimasíðu skólans. Hvetjum við alla foreldra til að hafa sambandi við umsjónarkennara

Einu sinni á önn er ætlast til að umsjónarkennara hafi símasamband við foreldra nemenda. Ekki þarf neitt tilefni að vera til þess annað en að heyra í foreldrum/forráðamönnum.

Kirkjubæjarskóli notast við vefumhverfið InfoMentor (www.infomentor.is).

Stoðþjónusta og sérkennsla

Kirkjubæjarskóli veitir þeim nemendum er þess þurfa, meiri kennslu og stuðning en hægt er að veita í almennri kennslu. Þessi kennsla er ýmist kölluð stuðningur eða sérkennsla. Stuðningur er alltaf tímabundinn og getur verið til lengri eða skemmri tíma allt eftir aðstæðum hverju sinni. Meginstefna skólans er að stuðningurinn fari fram inni í bekkjarstofu nemandans, sé þess kostur án þess að gæði kennslunnar rýrni og að starfa undir merkjum “Skóli án aðgreiningar”. Markmið sérkennslunnar eru þau sömu og markmið grunnskólans, en leiðirnar að markmiðinu geta verið allmjög frábrugðnar.

Kirkjubæjarskóli hefur aðgang að sérfræðingum sem starfa við skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Verksvið skólaþjónustunnar er í samræmi við lög um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla auk samþykktar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskólum, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum s.s. lestrar- og stærðfræðigreiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna kennsluráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teyrum um börn með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Talmeinafræðingur sér um greininga og ráðgjafar vegna barna með málþroskafrávik. Að auki er veitt ráðgjöf til sveitarstjórna og fræðslunefnda um ýmislegt sem lýtur að skólamálum. Sérfræðiþjónustan kemur að endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði í formi styttri fræðslufunda og einnig umfangsmeiri námskeiða.

Málum er vísað til skólaþjónustu á til þess gerðum tilvísanaeyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðunni [Skolapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu – skolamal.is](http://Skolapjónusta.Rangarvalla-og-Vestur-Skaftafellssyslu-skolamal.is) undir verklag og beiðnir. Til að skólar geti vísað málum einstakra barna til sérfræðinga skólaþjónustu þarf skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna þeirra að liggja fyrir. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til skólaþjónustunnar án milligöngu skóla.

Sjá nánar reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Náms- og starfsráðgjöf

Skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (13. grein) eiga öll börn á grunnskólaldri rétt á náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda í málum sem tengjast námi og skólagöngu þeirra. Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum fræðslu og ráðgjöf um námstækni, framhaldsnám og störf, sjálfsmynd, samskipti og líðan auk þess að leggja fyrir áhugasviðskannanir og skipuleggja skóla- og starfskynningar í samvinnu við skólana. Náms- og starfsráðgjafi vinnur með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og foreldrum eftir því sem við á.

Foreldrar geta leitað til náms- og starfsráðgjafa vegna náms og skólagöngu barna sinna. Náms- og starfsráðgjafi hefur daglega viðveru á skrifstofu Skólajónustunnar á Hvolsvelli, auk þess sem hann kemur reglulega í alla fimm grunnskólana á svæðinu.

Náms- og starfsráðgjafi á vegum Skólajónustu hefur ekki verið ráðinn fyrir skólaárið 2021-2022

Nánari upplýsingar á <http://vefur.skolamal.is/>

Símenntunaráætlun

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína en símenntun starfsmanna telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundir. Einnig telst óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, handleiðsla, kynningar á kennarafundum, heimsóknir í kennslustundir hjá samkennurum og skipulagðir leshringir til símenntunar.

Símenntunaráætlun er í vinnslu og mun vera birt á heimasíðu Kirkjubæjarskóla þegar hún liggur fyrir.

Heilsueflandi grunnskóli

Sótt hefur verið um þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla, og mun innleiðing halda áfram á þessu skólaári. Gátlistar hafa verið uppfærðir og unnið með þá innan skólans í vetur. Sérstakt teymi innan skólans mun halda utan um starfið og skipa það fulltrúar kennara og starfsmanna, fullrúi nemenda og skólahjúkrunarfræðingur auk skólastjóra.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar af hálfu Landlæknisembættisins og mun ný heimasíða verkefnisins verða opnuð þar sem KBS mun eiga sitt vefsvæði. Nánari uppl. um verkefni má finna [hér](#).

Rýmingaráætlun

Í Kirkjubæjarskóla er fullkomið brunaviðvörðunarkerfi. Í hverri stofu er að finna rýmingaráætlun ætlaða þeirri stofu.

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang í kennslustund:

1. Skólastjóri, staðgengill skólastjóra eða umsjónarmaður fasteignar fer og aðgætir hvort um eld er að ræða eða falsboð.
2. Ef um fallsboð er að ræða er slökkt á brunaviðvörðunarkerfinu.
3. Ef um eld er að ræða er kerfið haft áfram í gangi og skólastjóri, staðgengill skólastjóra umsjónarmaður fasteignar eða kennari fer um húsnæðið og kallar eftir rýmingu hússins.
4. Skólastjóri, staðgengill skólastjóra, umsjónarmaður fasteignar eða kennari tilkynnir bruna til neyðarlínunnar.
5. Í vinnuherbergi kennara er að finna nemenda- og starfsmannalista sem skólastjóri eða staðgengill skólastjóra tekur með þegar húsið er rýmt.
6. Kennarar bera ábyrgð á að rýma kennslustofur. Rýma þeir stofuna eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja hverri stofu.
7. Kennari hvers nemendahóps fer fyrir hópnum og allir nemendur og starfsmenn safnast saman á planið við bókasafnið.
8. Á planinu við bókasafnið fer fram talning á nemendum og starfsmönnum.

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang utan kennslustunda:

1. Skólastjóri, staðgengill skólastjóra eða umsjónarmaður fasteignar fer og aðgætir hvort um eld er að ræða eða falsboð.
2. Ef um fallsboð er að ræða er slökkt á brunaviðvörðunarkerfinu.
3. Ef um eld er að ræða er kerfið haft áfram í gangi og skólastjóri, staðgengill skólastjóra umsjónarmaður fasteignar eða kennari fer um húsnæðið og kallar eftir rýmingu hússins.
4. Skólastjóri, staðgengill skólastjóra, umsjónarmaður fasteignar eða kennari tilkynnir bruna til neyðarlínunnar.
5. Í vinnuherbergi kennara er að finna nemenda- og starfsmannalista sem skólastjóri eða staðgengill skólastjóra tekur með þegar húsið er rýmt.
6. Allir safnast saman á planið við bókasafnið.
7. Á planinu við bókasafnið fer fram talning á nemendum og starfsmönnum

Munum að við þurfum að sýna yfirvegum og halda ró okkar þegar hættuástand skapast.

Viðbrögð við vá

Vegna eldssvoða: sjá rýmingaráætlun á bls. 14

Vegna jarðskjálfta:

<http://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Vegna fárviðris eða kulda:

http://www.almannavarnir.is/natturuva/farvidri_ofsavedur/

Vegna eldgosa

<http://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>

Vegna smiðsjúkdóma, eiturefna, geislavirkra efna og heilsuvá

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/eiturefni-geislavirk-efni-og-heilsuva/>

Mötuneyti

Allir nemendur skólans eiga þess kost að fá heitan mat í hádeginu, kl.12:25. Bætir það stórlega líðan þeirra á löngum vinnudegi, enda er eitt af aðalmálefnum margra skóla- og foreldrafélaga að geta boðið upp á slíka þjónustu. Fæði í matsal er fjölbreytt og ættu allir að geta látið sér það líka. Mötuneyti Skaftárhrepps vinnur eftir markmiðum Lýðheilsustöðvar. Boðið er upp á morgunhressingu kl. 10:00, að loknum tveimur kennslustundum. Síðdegishressing er fyrir alla nemendur skólans kl.14:25. Matseðill mötuneytisins er birtur á heimasíðu skólans. Gíróseðill fyrir mötuneytið er sendur út mánaðarlega og er það ábyrgð skrifstofu Skaftárhrepps að senda þá út.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.kbs.is

Opnunartími

Kennslutímar Kirkjubæjarskóla á Síðu

Mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga	8:40 - 15:20
Miðvikudaga	8:40 - 14:25
Föstudaga	8:40 – 13:45

Skólinn er opinn alla virka daga kl. 8:15 – 16:00 nema föstudag en þá lokar kl. 15.00. Alla jafna er ekki ætlast til að nemendur komi í skólann fyrr en kl. 8:30 og séu farnir eigi síðar en kl. 15:30, nema á föstudögum kl. 13:50

Héraðs

Viðvera sérfræðinga

Fulltrúar Skóla- og félagsþjónustu V-Skaftafells- og Rangárvallasýslu koma til með að hafa fasta viðveru í skólanum mánaðarlega. Þeir koma undantekningarlaust ef óskað er eftir viðveru af þeirra hálfu.

Fulltrúi Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er með viðveru á Heilsugæslunni Kirkjubæjarklaustri.

Frekari upplýsingar er að finna á <http://vefur.felagsmal.is/>

Forföll og leyfi

Umsjónarkennarar geta veitt nemendum sínum leyfi í allt að tvo daga. Ef sækja á um leyfi frá skólavist í styttri (3-5 daga) eða lengri tíma (vika eða lengur) þarf að sækja um það á viðeigandi eyðublöðum. Hafi foreldri/forráðamaður ekki heyrt frá skólanum um leyfisveitinguna er svo litið á að leyfið hafi verið samþykkt.

Öll eyðublöð varðandi leyfi eða ósk um tímabundna undanþágu frá skólasókn er að finna á heimasíðu skólans www.kbs.is

Í 15. grein laga um grunnskóla frá 2008 segir:

- Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.
- Um ákvörðun um veitingu undanþágu eða synjun hennar, sbr. 3. og 4. mgr., gilda ákvæði stjórnisýslulaga. Slík ákvörðun er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðherra mælt fyrir um að undanþága verði veitt í heild eða að hluta, jafnvel þó að af hálfu sveitarfélags hafi ekki verið fallist á slíka beiðni.